

Kennaraffelagið hjelt ársfund sinn hjer í bænum 3. og 4. þ. m. Fundarskýrsla verður að biða næsta blaðs vegna rúmleysis.

Gufubátsfjelagið. Fundur var haldinn aptur í fjelaginu í gærkveldi, af nálægt 20 hluta-mönnum, hjer úr bænum flestum, 2 úr Ísa-fjarðarsýslu (alpm.). Voru þar samþykkt lög fyrir fjelagið og kosin stjórn (síra Jens Pálsson, Björn Jónsson ritstj., Sigfús Eymundsson, Björn Kristjánsson gjaldkeri og Páll Blöndal hjeraðslæknir; —landfóg. Á. Thorsteinsson og kaupm. Stgr. Johnsen skorudust undan kosningu). Sú breyting var gerð á frá því er fyrirhugað var í vor, með lögum, að skipið skyldi vera um 200 smálestrir að stærð netto) og vera í flutningum milli landa nokkrar ferðir, svo sem 8—10 vikur samtals á ári, til þess að geta fengið sem mest að gjöra, er að vísu mætti ganga að góðan arð bæri, en að öðru leyti haft í strandferðum um suður- og vesturland allt, svo tíðum og á svo marga staði, sem frekast væri tók á, jafnt um Vestfirði (Breiðafjörð, Ísafjarðardjúp o. s. frv.) sem við Faxaflóa. Stofnfje var áætlað að þyrfti 120,000 kr. Þar af hafði útlendur efnamaður, L. Zöllner kaupmaður í Newcastle, lofað að leggja til 40,000 kr., undir eins og búið væri að útvega hjer 80,000 kr. í hlutaloförðum eða á annan hátt. Til þess að reyna að safna því fje, var ráðgert að hafa enn fyrir sjer um missiristíma að minnsta kosti, og skyldi greiða hin fyrsta fjórða hluta af ákvæðisverði hlutabryjefa eigi fyr en 11. marz 1890; hina 11. júní, 11. sept. og 11. desbr. það sama ár. Enginn hefir meira en 10 atkvæði í fjelagsmálum, hvað mikið sem hann leggur í fjelagið; upp að þeirri tölu fylgir 1 atkvæði hlut hverjum (100 kr.). Stjórninni var falið að sækja um styrk til þingsins.

Vöruverð erlendis. Verzlunarskýrslur frá Khöfn, er hingað kom með «Magnetic» dags. 25. f. m., segja mikið dauft útlit með verð á íslenskum vörum, einkum fisk og lýsi. Afli hefir orðið meiri við Finnmark í vor en menn vita dæmi til áður. Er því verð á fiski lágt á Spáni, með því svo mikið er þar á boðstólum. Á markaði á Þýzkalandi hefir verið hrugað svo miklu af norsku lýsi, að það hefir mjög þokað niður verði á þeirri vöru.

Það sem kom með «Thyra» nú af *salfiski*, hefir selzt þannig: sunnlenskur Spánarfiskur hnakkahýldur 45 kr., smáfiskur 36 kr., austfirzkur stór 43 kr., ýsa 35 kr.; vestfirzkur stór óhnakkahýldur 48 kr., hnakkahýldur 43 kr., smáfiskur 37 kr., beztí jaktafiskur hnakkahýldur 50 kr., meðalfiskur 40 kr.

Lýsi seldist þannig: gufubrætt hákarlslýsi á 31½ kr., pottbrætt 31 kr., dökkt hákarlslýsi 25½ kr., þorskalýsi þykkt 20 kr.

Til Spánar er eptirspurn eptir fáeinum förmum af íslenskum fiski, er sendist í júlímán.; það er farið fram á 48 mörk (43 kr.) fyrir skippundið flutt á skip á Íslandi, en meir en hjer um bil 46 mörk (41 kr.) mun naumast fíanlegt. Farmar, sem sendir verða í ágústmán., búumst vjer við að verði falir fyrir 45 mörk (40 kr.), en því verði eru engar líkur til að hægt verði að ná, og skerist ekki Norðmenn í leikinn og kaupi nokkra farma til þess að halda verðinu uppi, er efasamt, hvort hægt verður að fá einu sinni 42 mörk (rúmar 36 kr.).

Gufuskiði Magnetic (Slimons) kom hingað í fyrra dag frá Skotlandi og með því 12 ferðamenn enskir, enn fremur alþingismað. Þorst. Jónsson læknir frá Vestmannaeyjum. Það fór aptur í gær með um 300 hross, er Coghill hefir keypt sunnanlands. Það ætlaði að koma við á Seyðisfirði á útleiðinni.

Höfðingleg dánargjöf. Samkvæmt ráðagjörð stórkaupmanns W. Fischers, áður en hann andaðist í vetur hefir ekkja hans (frú Arndis Teitsdóttir Finnbogasonar) og sonur, stórkaupm. Fr. Fischer, lagt fje í sjóð, er nefnist *W. Fischers legat*, að upphæð 20,000 kr., með stofnskrá dags. 28. f. m., er verja skal vöxtunum af að hjer um bil $\frac{2}{3}$ til styrktar ekkjum og börnum fátækra sjómanna í Gullbringusýslu og Reykjavík, er týna lífi fyrir slysfarir á sjó, og að $\frac{1}{3}$ hjer um bil til menntunar efnilegum sjómönnum úr sömu byggðarlögum, er verið hafa í förum 2 ár með verzlunar- eða kaupskipum og reynzt iðnir og reglusamir og sýnt sig maklegan sliks styrks til að geta aflað sjer menntunar í sjómannafræði. Útbýting styrksins er falin landshöfðingja og aðaleiganda eða forstöðumanni Fischersverzlunar í sameiningu. Fyrsta styrkveiting 13. des. 1890 (fæðingardag W. Fischers). Eptir er að útvega kgl. staðfesting fyrir stofnskrá sjóðsins.

Verðlaun af gjöf Jóns Sigurðssonar. Fyrir ritgjörð um *„Þekking manna og hugmyndir um Ísland frá elztu tímum fram að síðabót“* hefir verðlaunaneftnd sú, er kosin var á alþingi 1887 (Eir. Briem, Kristján Jónsson og Stgr. Thorsteinsson) dæmt höfundinum 400 kr. verðlaun af „gjöf Jóns Sigurðssonar“. Höfundurinn reyndist vera adjunkt *Þorvaldur Thoroddsen*.

Alþingi.

II.

Allir þingmenn eru nú komnir til þings, nema síra Lárus Halldórsson, sem ókunnugt er um, hvort muni ætla sjer að koma eða ekki. Hafa nú engar tálmanir verið lagðar fyrir þingföer embættismanna; fyrir Ben. sýslumann Sveinsson t. d. tekið gilt, að nágrannasýslumaðurinn (Einar Thorlacius) gegndi dómarsörfum fyrir hann um þingtímann.

Skrifstofa alþingis. Skrifstofustjóri er kand. Gestur Pálsson. Skrifarar á skrifstofunni: cand. juris Klemens Jónsson og cand. med. & chir. Björn G. Blöndal. Innanþingsskrifarar í neðri deild: cand. Jón Jakobsson og cand. theol. Morten Hansen; í efri deild: cand. juris Hannes Hafstein og bankagjaldkeri Halldór Jónsson.

Tekjur presta. Nefnd sett í neðri deild í það mál, stjórnarfrumvarp, í gær: Gunnar Halldórsson, Þorl. Guðmundsson, Páll Olafsson (skrif.), Þórarinn Bøðvarsson (form.) Árni Jónsson.

Lögreglusamþykktir. Nefnd í því máli í gær í efri d.: Júlíus Havsteen (skrif.), E. Th. Jónassen og Árni Thorsteinsson (form.).

Kaupstaðarlóðir. Nefnd í því máli í efri d., stjórnarfrv. um að fá útmældar lóðir á löggiltum kauptúnunum: Júlíus Hav-

steen (form.), Á. Thorsteinsson, Arnlj. Olafsson, L. E. Sveinbjörnsson, E. Th. Jónassen (skrif.).

Uppeldisstyrkur óskilgetinna barna. Nefnd í efri d.: Sighvatur Árnason, Arnljótur Olafsson, Jakob Guðmundsson.

Landsreikningar. Nefnd í neðri d. í lagafrv. um samþykkt landsreikninga: Olafur Briem, Páll Olafsson (form.) og Þorvarður Kjerúlf (skrifari).

Fjárlög. Sjó manna nefnd sett í fjárlagafrv. 1889—1891 í neðri deild í gær: Eir. Briem (skrif., 19 atkv.), Sigurður Stefánsson (19), Páll Briem (form., 18), Þorleifur Jónsson (17), Jón Jónsson N.-Þing. (15), Árni Jónsson (12), Sigurður Jensson (11). Allir hinir sömu og 1887, nema Sig. Jensson, í stað Þórarins Bøðvarssonar.

Þingmannafrumvörp eru þegar orðin 11, þar á meðal eru 6 um löggilding nýrra verzlunarstaða: Haukadals, Arngerðareyrar, Múlahafnar, Vogavíkur, Svalbarðseyrar og Hólmavíkur í Steingrímsfirði.

Hin eru um gjaldheimtu til sýslusjóðs og sýsluvega (Arnlj. Ól.), viðauki (frá sama) við safnaðarstjórnarlögin: um kostnað af hljóðfæri til kirkna og hljóðfæraslætti m. m., um styrktarsjóði handa alþýðufólki (Þorl. Guðm.), um tekjur og umsjón kirkna (Þór. Bøðvarsson), um breyting á kosningalögum til alþingis (J. A. Hjaltalin).

Mál út af kirkjubyggingu á Seyðisfirði, milli hreppsnefndarinnar þar og sóknarprestisins, síra Björns Þorlákssonar, var dæmt í landsyfírjetti 17. þ. m., á þessa leið:

Með skjali, dags. 9. okt. 1884 tókst þáverandi hreppsnefnd í Seyðisfjarðarhreppi þá skuldbindingu á hendur fyrir hreppinn, að greiða af fje hans til kirkjubyggingar á Seyðisfirði, allt að 2000 kr. á fjórum árum í gjalddögum 6. júní 1885—88 með 500 kr. árlega. Skuldbinding þessi var því skilyrði bundin, og var presturinn og sóknarnefndin á næsta ári reyndi til, að fá með frjálsum samskotum það, sem upp á kynni að vanta til kirkjubyggingarinnar, en ef nægilegt fje eigi fengist með þessu móti skyldi það er ávantaði greitt úr sveitarsjóði. Litlu eptir samdi presturinn Björn Þorláksson, sem er umráðamaður kirkjunnar, um byggingu hennar, og var hún svo byggð upp árið 1885. Til frjálsra samskóta stofnaði presturinn ásamt einum sóknarnefndarmanni haustið 1885 og græddust við það 66 kr. en alls vantaði til lúkningar öllum kostnaði við bygginguna um 2,500 kr. Sumarið 1885 greiddi hreppsnefndin prestinum Birni Þorlákssyni þær 500 kr. er áfjellu eptir samningnum 6. júní 1885, en síðar neitaði hun að greiða þær 500 kr. er áskilið var að greiða skyldi 6. júní 1886 og 1887. Presturinn Björn Þorláksson höfðaði því í hjeraði mál gegn hreppsnefndinni, er með dómi aukarjettar Nordurmúlasýslu, uppkveðnum 15. ágúst 1888, var dæmd til þess, að greiða prestinum tjeðar 1000 kr. en kostnaður málsins, sem báðir málsaðillar höfðu gjafsókn í, þar með talinn ferðkostnaður og fæðispeningar hins setta dómara í málinu, skyldi greiðast af almennu fje.

Dómi þessum hefir nú hreppsnefnd Seyðisfjarðarhrepps áfrýað og krafizt þess, að hann verði dæmdur ómerkur fyrir þá sök, að setudómari sem skipaður var í málinu 25. júlí 1888, hafi framlagt ýms skjöl í málinu, en til vara, að dómurinn verði ómerkur fyrir þá sök, að presturinn hafi lagt málið til sætta, sem umboðsmaður Vestdalseyrarkirkju, en í undirrjettarstefnunni komi hann fram persónulega; sáttatilaunin sje því eigi lögmæt. Að lokum ef þessar